



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 14. janúar 2019

R17080023

1311

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi ráðningu borgarlögmans

Á fundi borgarráðs þann 4. október sl. lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í ljósi svars vegna ráðningar borgarlögmans er óskað svara við því hvernig ætlunin er að bregðast við niðurstöðu úrskurðarnefndar jafnréttismála m.t.t. þeirra alvarlegu athugasemda sem fram koma í úrskurði nefndarinnar.

Svar:

Þegar niðurstaða kærunefndar jafnréttismála lá fyrir hófst þegar vinna við að greina þær athugasemdir sem fram komu fram í úrskurði nefndarinnar. Í þeim tilgangi var haldin í september sl. vinnustofa mannaútsfólks hjá Reykjavíkurborg sem vinnur að ráðningum þar sem farið var yfir niðurstöður kærunefndarinnar og hvaða lærdóm megi draga af þeim. Í framhaldinu var sett í gang vinna verkefnahóps um ráðningar, með fulltrúum allra sviða, að gæðahandbók um ráðningar sem byggir á staðlinum ISO 30405. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki í byrjun febrúar nk. Samhliða voru unnin drög að reglum um ráðningar borgarráðs sem lagðar verða fram í borgarráði til staðfestingar í næstu viku.

Dagur B. Eggertsson

